DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Bl. 631.4 Ábm. ASA
Innk.: 13. NÓV. 2006
DKM 0611 0162

**Örn Clausen** **Lögfræðistofa ehf.**
**Kt. 680405-1580**
**Barónsstíg 21, 101 Reykjavík.**
**s. 5518499 og 5512994 fax 5612994**

Dómsmálaráðuneytið
Arnarhvoli
Reykjavík

9. nóvember 2006

Jafnframt því að senda hinu háa dómsmálaráðuneyti hjálagt umboð frá Birni Árnasyni, kt. 270446-4779, nú búsettur , ásamt yfirlýsingum tveggja valinkunnra manna um hegðun hans undanfarin ár, vil ég fyrir hans hönd, með vísan til IX. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, leyfa mér að óska eftir því að ráðuneytið hlutist til um að nefndum Birni verði af forseta Íslands veitt uppreisn æru vegna dóms, er hann hlaut í desember 2001 í Héraðsdómi Reykjavíkur, en hann lauk samfélagsþjónustu vegna dómsins hinn 5. janúar 2003.

Björn hefur, eins og að framan greinir, verið búsettur síðan og stundað þar vinnu sem flugvirki, sem er það eina, sem hann hefur lært, en hann óttast nú að hann kunni að verða sviptur vinnu sinni eða jafnvel að honum verði vísað úr landi, fái hann ekki uppreisn æru.

Virðingarfyllst,

Örn Clausen

-----------------------------------------

Örn Clausen hrl.

Fskj.

P.S. Hér fylgir einnig dómurinn, en eintak af honum fékk ég í gær. Fangelsisstofnun, sem er kunnugt um, sendi þetta.
Ö. Cl.

# Umboð

Ég undirritaður, Björn Ármann, kt. 270446-4779 til heimilis að veiti hér með Hans Clausen hrl. fullt og ótakmarkað umboð til að sækja um uppreist æru fyrir mína hönd vegna dóms er ég hlaut í desember 2001 í héraðsdómi Reykjaness, en útlát eða réttara sagt samfélagsþjónustu lauk 6 janúar 2003. Umboðið nær til öflunar allra gagna í þessu sambandi.

Reykjavík, 8. nóv. 2006

Björn Ármann

Vottur:

Guðm. B. Ólafsson hdl.

PERLAN

Reykjavík 10.11.2006

**UMSÖGN**

Til þeirra er málið varðar:

Undirritaður hefur þekkt Björn Árnason (270446-4779) í 26 ár. Hann var fyrir þeirri ógæfu að lenda upp á kant við lögin er varðar fíkniefni.
Björn hefur haldið sambandi við mig og eftir því sem ég best veit hefur hann lifað heilbrigðu lífi og er að mínu áliti góður drengur.

Stefán Sigurðsson Framkvæmdastjóri

**Veitingahús Restaurant Öskjuhlíð 101 Reykjavík Iceland Sími/Tel.: +354 562 0200 Fax +354 562 0207**

Reykjavík 07/07/06.

# Umsögn

Til þeirra er málið varðar:

Undirritaður hefur þekkt Björn Árnason (270446-4779) í tæp 30 ár.

.I framhaldi lenti hann upp a kant við lögin er varðar fíkniefni.Björn vann með mér ef ég man rétt yfir tvo áratugi. Hann var meðlimur F.V.F.Í þegar hann lenti í sinni ógæfu,en þá var ég líka formaður þess félags.

Ég hef fylgst með Birni frá því hann fluttist til Svíþjóðar og að því ég best veit hefur hann lifað heilbrigðu og vammlausu lífi og er að mínu áliti drengur góður.

Virðingarfyllst

Guðjón Valdimarsson, formaður F.V.F.Í

Tillaga
til handhafa valds
forseta Íslands
um uppreist æru.

Fallist á tillöguna.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Sólveig Pétursdóttir

Gunnlaugur Claessen

Björn Árnason, kt. 270446-4779, til heimilis hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóm héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðinn 21. desember 2001, þar sem honum var gert að sæta 6 mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, handhafar valds forseta Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Birni Árnasyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
18. janúar 2007.

Allravirðingarfyllst,

Björn Bjarnason

Þorsteinn Davíðsson

Reykjavík, 22. janúar 2007